

Ed. **294. Frumvarp til laga** [149. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í ríkisþjónustu í 15 ár eða lengur, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gildandi regla um ákvörðun elli- og makalífeyris fyrir menn, sem hætta í þjónustu ríkisins, áður en þeir koma á aldursmörk en láta iðgjöld sín standa inni, getur leitt til þess að lífeyrisréttur þeirra verði næsta lítils virði, ef launin hækka mjög stórkostlega frá því þeir fara úr þjónustu ríkisins og þar til þeir koma á aldursmörk. Það virðist ekki sanngjarnt, að lífeyrir þeirra verði miklu lægri en annarra manna með jafnlangan starfstíma, sem endar við aldursmörk. Breyting sú, sem hér er lagt til að gera, jafnar þetta misræmi að því er þá varðar, sem eiga verulegan starfstíma að baki í ríkisþjónustu. Hins vegar er ekki fært að láta regluna gilda fyrir stuttan starfstíma. Vegna verðtryggingar lífeyris úr þessum sjóði, mun enginn, sem getur notið hinna nýju réttinda, flytja réttindi úr þessum sjóði í óverðtryggðan sjóð. Til þess að takmarka ásókn um réttindaflutning úr óverðtryggðum sjóðum í þennan, verður að takmarka hin nýju réttindi við sjóðréttindi vegna starfs í ríkisþjónustu.